

# **Samningur**

milli Sjúkratrygginga Íslands, í samningi þessum nefndar verkkaupi, og Náttúrulækningafélags Íslands, í samningi þessum nefnt verksali, vegna Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands, um þverfaglega endurhæfingu fyrir sjúkratryggða einstaklinga skv. lögum um sjúkratryggingar 112/2008 og slysatryggða einstaklinga skv. lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar.

## **1. Gildissvið**

- 1.1 Samningur þessi tekur til þeirrar starfsemi Náttúrulækningafélag Íslands, sem starfrækt er á Heilsustofnun Náttúrulækningafélag Íslands í Hveragerði, eins og hún er skilgreind í samningi þessum.
- 1.2 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði (HNLFÍ) er í einkaeigu Náttúrulækningafélags Íslands, sem eru félagasamtök, sem bera ábyrgð á skyldum HNLFÍ skv. samningi þessum.
- 1.3 HNLFÍ er rekin sem sér rekstrareining með sjálfstæðan fjárhag.
- 1.4 Samningurinn tekur annars vegar til 20 rúma deildar fyrir einstaklinga í þverfaglegri endurhæfingu I (þE-I) sem þurfa þunga endurhæfingu og þjálfun í kjölfar sjúkrahúsvistar og/eða vegna tiltekinna sjúkdóma. Hins vegar til 80-100 rúma deildar fyrir einstaklinga í þverfaglegri endurhæfingu II (þE-II) sem þurfa meðalþunga endurhæfingu og þjálfun, sbr. fylgiskjal I og II.
- 1.5 Skilmerki fyrir innlögn inn á endurhæfingarstofnun HNLFÍ kemur fram í fylgiskjali III.
- 1.6 Verksali hefur heimild til að stunda aðra starfsemi við hlið þeirrar starfsemi sem þessi samningur tekur til án sérstakrar heimildar verkkaupa. Þó verður verksali að gæta að því að sú starfsemi skaði ekki á neinn hátt þá þjónustu sem veitt er samkvæmt samningi þessum og halda tekjum og kostnaði vegna þeirrar starfsemi aðgreindri frá þjónustu samkvæmt samningi þessum.
- 1.7 HNLFÍ tekur aðeins þá tryggðu einstaklinga í meðferð skv. samningi þessum, sem hafa beiðni frá lækni um skilgreinda meðferð á HNLFÍ, sbr. fylgiskjal V. Ábendingar koma fram í fylgiskjölum I og II.
- 1.8 Samningurinn tekur hvorki til félagsstarfsemi né fasteignareksturs verksala utan HNLFÍ eða nokkurrar annarrar starfsemi á vegum verksala en þeirrar sem samið er um í samningi þessum.
- 1.9 Um samning þennan gilda eftir því sem við á ákvæði laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997. Verksali skal að öðru leyti uppfylla ákvæði annarra laga og reglugerða eftir því sem við á.

## **2. Starfsemi og þjónusta**

- 2.1 Samningur þessi tekur til stoðþjónustu sem nauðsynleg er umsaminni starfsemi, þar með talið stoðþjónustu sem verksala er heimilt að kaupa af öðrum, enda uppfylli þeir ekki minni kröfur en gerðar eru til verksala í samningi þessum.
- 2.2 Verklagsreglur um innlögn af biðlistum eru í fylgiskjali VI.



### **3. Markmið**

- 3.1 Markmið samningsins er að veita þeim sem samningurinn tekur til bestu mögulega endurhæfingarþjónustu sem uppfylli ákveðnar gæðakröfur, sbr. 6 gr. samnings þessa og nýta vel það fé sem verkkaupi greiðir.
- 3.2 Við framkvæmd samningsins skal verksali leita leiða til að ná fram markmiðum hans með hagkvæmum og skilvirkum hætti og tryggja að þjónusta við sjúklinga sé ávallt í fyrirrúmi.

### **4. Teymisvinna og magn þjónustu**

- 4.1 Meðferð skv. samningi þessum fer fram í þverfaglegri teymisvinnu heilbrigðisstarfsfólks, sem nánar er lýst í fylgiskjölum I og II, með mismunandi meðferðarform, eftirfylgd og árangursmat. Fylgiskjal I skal endurskoða einu sinni á ári og skal endurskoðunin m.a. taka mið af nýtingu og skilgreindum gæðaviðmiðunum.
- 4.2 Þverfagleg endurhæfing I (ÞE-I) er starfrækt á 20 rúma deild og skal HNLFÍ skila árlega að lágmarki 6.400 legudögum fyrir sjúklinga í þessu úrræði. Í Þverfaglegri endurhæfingu II (ÞE-II) skulu að lágmarki dvelja 80 dvalargestir en HNLFÍ er heimilt að draga þessa starfsemi niður um helming í sex vikur á hverju sumri. HNLFÍ skilar árlega að lágmarki 27.440 legudögum fyrir dvalargesti í ÞE-II. Hámark dvalar í ÞE-I eru fjórar vikur og sex vikur í ÞE-II. Heimilt er að beina sjúklingum úr ÞE-I í ÞE-II eftir fjögurra vikna dvöl.

### **5. Kröfur til þjónustu og aðbúnaðar**

- 5.1 Þjónusta.  
Notendum þjónustunnar skal tryggð fullnægjandi endurhæfing og þjálfun sem taki mið af þörfum þeirra og ákvæðum samnings þessa. Verksali ábyrgist að viðurkenndir sérfræðilæknar í þeim sérgreinum, sem þörf er á og annað sérhæft starfsfólk, starfi jafnan á stofnuninni. Verksali skipuleggur endurhæfingarþjónustu á stofnuninni, setur markmið um þjónustustig og framfylgir þeim.
- 5.2 Fæði.  
Verksali veitir notendum þjónustunnar fullt fæði sem tekur mið af ráðleggingum Embættis landlæknis um matarræði og næringarefní og manneldissjónarmiðum NLFÍ.
- 5.3 Gisting.  
Verksali selur notendum ÞE-II gistingu og aðra þjónustu sem samningur þessi tekur ekki til, sbr. gr. 7.8.
- 5.4 Lín og fatnaður.  
Verksali sér notendum þjónustunnar fyrir sængurfatnaði og handklæðum.
- 5.6 Hollustuhættir.  
Starfsemi verksala skal uppfylla kröfur heilbrigðisreglugerðar og kröfur laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 með síðari breytingum ásamt reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim lögum.

5.7 Réttindi notenda þjónustunnar.

Endurhæfingaráætlun liggi fyrir innan þriggja virkra daga frá innlögn. Um réttindi notenda þjónustunnar gilda almenn ákvæði laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

**6. Gæði þjónustu, markmið og innra eftirlit**

- 6.1 Rekstur verksala skal miðast við að veita eins góða þjálfun og kostur er og endurhæfingu í anda samþykktar Alþjóðaheilbrigðismálstofnunarinnar (WHO) en samkvæmt henni er markmið endurhæfingar eftirfarandi:

*„Endurhæfing miðar að því að skjólstæðingur nái aftur eins góðri likamlegri, andlegri og félagslegri færni og unnt er. Hún felur í sér öll þau úrræði sem miða að því að draga úr áhrifum fötlunar og þeim hindrunum sem fötlunin veldur. Hún felur jafnframt í sér þau úrræði sem gera fötuðu fólk kleift að vera virkir þjóðfélagsþegnar.“*

- 6.2 Verksali skal setja sér mælanleg gæða- og árangursmarkmið. Beitt verði viðurkenndum árangursmælingum til að meta árangur endurhæfingarinnar, sjá fylgiskjal IV. Verksali skal upplýsa verkkaupa árlega um árangur þjónustunnar í ársskýrslu með þeim mælitækjum sem tilgreind eru í fylgiskjali IV.

- 6.3 Verksali setur sér gæða- og þjónustumarkmið og kemur sér upp innra eftirliti m.a. í þeim tilgangi að unnt sé að sannreyna gæði þjónustunnar. Gæðakerfið skal m.a. taka til þeirra atriða sem upp eru talin í 4. og 5. gr. ásamt fylgiskjali I og II, en auk þess til eftirfarandi þátta:

6.3.1 Sjúkraskrár.

Halda skal sjúkraskrár samkvæmt lögum um sjúkraskrár nr. 55/2009 og lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997, reglugerð um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál nr. 227/1991, með síðari breytingum og kröfum Embættis landlæknis.

6.3.2 Lyfjamál.

Sjúklingar koma með sín lyf sjálfir. Í neyðartilfellum útvegar stofnunin lyf. Lyfjamál verksala heyra undir yfirlækni. Hann tilnefnir lækni og hjúkrunarfræðing sem ásamt lyfjafræðingi skulu vera ráðgefandi um eftirfarandi:

- \* að tryggja að sjúklingar stofnunarinnar fái lyf við hæfi.
- \* að lyfjameðferð sé í samræmi við yfirlýsta lyfjastefnu og hlutverk Verksala.
- \* að semja og viðhalda lyfjalistu stofnunarinnar.
- \* að semja reglur um með hvaða hætti ný og dýr lyf eru tekin á lyfjalistu eða notuð í undantekningatilfellum innan stofnunarinnar.
- \* að tryggja hagkvæm innkaup lyfja m.a. með þátttöku í sameiginlegum innkaupum og útboðum með öðrum heilbrigðisstofnunum.
- \* að fylgjast með lyfjakynningum innan stofnunarinnar og sjá til þess að þær samræmist siðareglum Læknafélags Íslands og reglum stofnunarinnar um lyfjakynningar.

6.3.3 Ábendingar og kvartanir.

Við atvikaskráningu og meðferð ábendinga eða kvartana, sem er hluti af innra eftirlitskerfi verksala, skal fara að ákvæðum laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 og laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 með síðari breytingum. Allar kvartanir skulu fá formlega afgreiðslu.

GM.  
3  
BP JJ

## **7. Fjármögnun**

- 7.1 Til að standa undir þjónustu og kröfum sem samningur þessi tekur til á árinu 2012 greiðir verkkaupi verksala kr. 528.400.000.
- 7.2 Framlagið miðast við að verksali beri fulla fjárhagslega ábyrgð á rekstri sínum, þ.m.t. á greiðslu launa, lífeyrisskuldbindinga vegna starfsmanna sinna, starfstengdum kostnaði eins og t.d. launum staðgengla vegna veikinda, námsleyfa og námskostnaðar svo og hugsanlegum skaðabótakröfum frá notendum þjónustunnar.
- 7.3 Fjárhæð í grein 7.1 er á meðalverðlagi ársins 2012. Hún breytist árlega (1. janúar) í samræmi við launa- og verðlagsforsendur fjárlaga hvers árs. Af heildarframlagi ríkisins samkvæmt samningnum skal 74% teljast vegna launakostnaðar og 26% vegna annars kostnaðar.
- 7.4 Greiðsluhluti vegna launa skal taka breytingum sem taka mið annars vegar af hlutfallslegu vægi starfshópa skv. fylgiskjali VII með samningi þessum og hins vegar af mati fjármálaráðuneytisins á hækjunum í kjarasamningum við stéttarfélög viðkomandi starfshópa ríkisstarfsmanna hjá sjúkrastofnunum. Fari fram endurmat á launa- og verðlagsforsendum fjárveitinga til sambærilegra ríkisstofnana innan ársins skal endurskoða framlag til verksala með sama hætti. Telji verksali ástæðu til að breyta vægi starfshópa skv. fylgiskjali VII með samningi þessum skal hann leggja fram launagögn því til stuðnings áður en níu mánuðir eru til upphafs næsta fjárlagaárs.
- 7.5 Greiðslur vegna annars kostnaðar en launa skulu breytast samkvæmt forsendum fjárlaga um almennar verðlagsbreytingar vegna sams konar kostnaðar og hjá sjúkrastofnunum.
- 7.6 Uppfylli stofnunin ekki kröfur um fjölda legudaga skv. gr. 4.2 skerðast greiðslur skv. gr. 7.1. um 80% af viðmiðunarþjárhæð fyrir hvern legudag.
- 7.7 Verksali ákveður dvalargjöld hjá notendum þjónustunnar í ÞE-II og skal hann upplýsa verkkaupa um það. Verksali skal hafa gjaldskrár aðgengilegar notendum.

## **8. Greiðslutilhögun**

- 8.1 Greiðsla verkkaupa fyrir hvern mánuð samningstímans skal lögð inn á bankareikning verksala í jöfnum mánaðarlegum hlutum, fyrsta vinnudag þess mánaðar.
- 8.2 Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi fyrir 10. dag mánaðar skal verkkaupi greiða hæstu löglegu dráttarvexti frá þeim tíma, enda verði greiðsludrátturinn rakinn til atvika sem verkkaupi ber ábyrgð á.

## **9. Tryggingar**

- 9.1 Verksali skal hafa sjúklingatryggingu hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi skv. lögum nr. 111/2000.
- 9.2 Auk almennra skaðabótareglina ber verksali ábyrgð á tjóni sem hlýst af ágalla af tækjum hans, sbr. lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 og skal hann gæta þess að vera vátryggður fyrir slíku tjóni.

4   


## 10. Fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir

- 10.1 Um reikningshald og endurskoðun ársreiknings gilda lög um ársreikninga nr. 3/2006 og um bókhald nr. 145/1994.
- 10.2 Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi vegna þeirrar starfsemi og þjónustu er samningurinn tekur til aðgreindum í bókhaldi frá öðrum rekstri og eignum verksala.
- 10.3 Óheimilt er að ráðstafa fé sem greitt er vegna samnings þessa til annars en þeirra verkefna sem tilgreind eru í samningnum og samrýmist almennum kröfum sem gera verður um meðferð á skattfé.
- 10.4 Verksali skal fara að lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup. Í því felst að bjóða skal út kaup á vörum og þjónustu þegar keypt er fyrir 6,2 millj. kr. eða meira og framkvæmdir yfir 12,4 millj. kr. eða meira, sbr. nú auglýsing nr. 230/2010, um útboðsskyld innkaup enda fari það ekki í bága við augljósa hagsmuni verkkaupa. Við útboð skal þess vandlega gætt að seljendum vörum og þjónustu sé ekki mismunað.

## 11. Eftirlit með framkvæmd samningsins

### 11.1 Faglegt eftirlit Embættis landlæknis.

Verksali skal, við upphaf samnings við verkkaupa, fá staðfestingu landlæknis á því að þjónustan uppfylli faglegar kröfur og önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf, sbr. 26. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðispjónustu og, sbr. reglugerð nr. 786/2007 um eftirlit landlæknis með rekstri heilbrigðispjónustu og faglegar lágmarkskröfur. Komi til meiriháttar breytinga á mönnun, búnaði, starfsemi eða þjónustu verksala á samningstímanum ber verksala að tilkynna Embætti landlæknis um það, sbr. fyrrgreind lög.

### 11.2 Eftirlit verkkaupa.

Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar skal verkkaupi hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila. Verkkaupi áskilur sér rétt til að skoða aðstæður þar sem þjónustan samkvæmt samningnum er veitt og kalla eftir upplýsingum sem hann telur þörf á hverju sinni.

### 11.3 Endurskoðun á framkvæmd og fjármálum.

#### 11.3.1 Endurskoðun.

Ríkisendurskoðun er heimilt að gera fjárhagsendurskoðun á allri þeirri starfsemi verksala sem umsamin er í verksamningi þessum. Í því sambandi er verksala skylt að afhenda Ríkisendurskoðun alla reikninga sína, öll bókhaldsgögn og önnur gögn sem nauðsynleg eru við endurskoðunina, sbr. lög nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.

#### 11.3.2 Stjórnsýsluendurskoðun.

Ríkisendurskoðun getur einnig framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá verksala, sbr. lög nr. 86/1997 um ríkisendurskoðun.

## 12. Upplýsingaskylda

- 12.1 Verksali skal ótilkvaddur senda verkkaupa og Ríkisendurskoðun fyrir lok apríl ár hvert endurskoðaðan ársreikning ársins á undan, ásamt árskýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfseminni, árangri þjónustunnar, nýtingu rýma sbr. 4. gr. og framkvæmd samningsins.

Gr.  
S. J. H.

- 12.2 Verksali og verkkaupi skuldbinda sig til að upplýsa hvorn annan þegar í stað ef þeir sjá fram á að þeir geti eigi uppfyllt fjárhagsleg eða fagleg ákvæði samningsins.
- 12.3 Verksali skal með reglulegu millibili upplýsa verkkaupa ótilkvaddur um lykiltölur reksturs samkvæmt nánara samkomulagi. Nánari skilmála um upplýsingagjöf er að finna í fylgiskjali VIII sem er hluti af samningi þessum.

### **13. Þagnarskylda**

- 13.1 Allir starfsmenn verksala og HNLFÍ skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitnesku um í starfi sínu og leynt skal fara lögum samkvæmt.
- 13.2 Ráði verksali eða HNLFÍ undirverktaka til starfa skuldbinda þau sig til að láta undirverktaka og starfsmenn þeirra undirrita heit um þagnarskyldu.

### **14. Vanefndir**

- 14.1 Ef verksali eða verkkaupi vanefna samningsskyldur sínar, geta aðilar krafist tafarlausra úrbóta og sett tímafresti. Falli þjónusta niður eða skerðist verulega er aðilum heimilt að skerða þjónustu eða framlag í réttu hlutfalli við brottfallið eða skerðinguna.
- 14.2 Ef verksali eða verkkaupi vanefnir samningsskyldur sínar geta aðilar rift samningnum. Samningi þessum verður þó eigi rift nema vanefnd sé veruleg enda hafi aðilum áður verið gert viðvart skriflega og sett hæfilegan frest til úrbóta.
- 14.3 Hafi aðilar ekki bætt úr annmörkum samnings, skv. kröfugerð, innan tímafrests hafa aðilar heimild til að fresta greiðslu ríkisins eða þjónustu þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar. Aðilar eiga ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum eða þjónustu sé frestað skv. þessari grein.

### **15. Réttarfar**

- 15.1 Mál er rísa kunna vegna brota á samningi þessa skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### **16. Gildistími, uppsagnar- og endurskoðunarákvæði**

- 16.1 Samningur þessi, sem gerður er til fimm ára, öðlast gildi hinn 1. janúar 2012 og gildir til og með 31. desember 2016.
- 16.2 Samningurinn er uppsegtanlegur á samningstímanum af beggja hálfu með a.m.k. 12 mánaða fyrirvara miðað við áramót bresti rekstrargrundvöll, sbr. gr. 16.3 og 17.2, í fyrsta lagi þó með verkan frá 1. janúar 2014. Uppsögn skal vera skrifleg.
- 16.3 Telji samningsaðili að forsendur samningsins hafi breyst getur hann farið fram á viðræður um endurskoðun á einstaka ákvæðum samningsins á samningstímabilinu.
- 16.4 Samningsaðilar ákveða sameiginlega fyrir 1. janúar 2016 hvort stefna skuli að endurnýjun samnings.
- 16.5 Með samþykki verkkaupa er verksala heimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila enda uppfylli hann kröfur verkkaupa um þjónustu.

GJ

6. JF

## 17. Fyrirvarar

- 17.1 Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki velferðarráðherra og fjármálaráðherra og öðlast ekki gildi fyrr en hann hefur verið staðfestur af velferðarráðherra.
- 17.2 Fjármögnun skv. gr. 7 er sett fram með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu á fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunni að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúnung fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Þannig verður heimilt að gera ráð fyrir aðhaldi eða hagræðingu í rekstri þeirra verkefna sem samningurinn tekur til taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga, enda lækki kröfur um afköst á móti.

### Ákvæði til bráðabirgða

Gildistaka ákvæðis 1.4 er með þeim hætti að á tímabilinu 1. janúar 2012 til 31. mars 2012 skal fjöldi rúma fyrir einstaklinga í ÞE-II sem þurfa meðalþunga endurhæfingu og þjálfun, sbr. fylgiskjal I og II. vera að meðaltali 120. Frá 1. apríl skal fjöldi þessara rúma vera að lágmarki 100 og frá 1. september að lágmarki 80. Á móti verður tekið við sjúklingum í 10 rúm í ÞE-I frá 1. apríl 2012 og frá 1. september verður tekið við sjúklingum í 10 rúm til viðbótar í ÞE-I.

Ákvæði 10.2 tekur gildi 1. apríl 2012.

Reykjavík, 28. desember 2011

*Erla Þórhildur Guðjónsson*  
Gylfi Þórður Þjóðófni  
F.h. Sjúkratrygginga Íslands

*R.*  
F.h. stjórnar Náttúrulækningafélags Íslands

*R.*  
F.h. stjórnar HNLFÍ

*Guðbjastolf Jannesson*  
Staðfesting velferðarráðherra

Staðfesting fjármálaráðherra